Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1814
komudagur 28.2.2013

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. febrúar 2013

Umsögn Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi um frumvarp til laga um útlendinga, 541. mál, lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012-2013:

Að mati stjórnar Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi er frumvarp þetta til bóta fyrir réttarstöðu fólks sem flyst til Íslands og sannarlega skref í réttra átt.

Samtökin harma að víkið hefur verið frá því að semja ein heildarlög um útlendinga, sem munu innihalda lög um útlendinga annars vegar og lög um atvinnuréttindi útlendinga.

Lögin innihalda umfangsmiklar breytingar. Mikilvægt er að tryggja upplýsingargjöf til allra hagsmunaaðila á viðeigandi hátt, sér í lagi útlendinga sem flytja til Íslands.

Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi leggjast ekki gegn frumvarpi þessu.

Þrátt fyrir stuðning Samtakanna við frumvarpið skal eftirfarandi athugasemdum komið á framfæri;

1. Í 39. gr. er gert ráð fyrir að heimilt sé að veita útlendingum, sem eru eldri en 18 ára og hingað vilja koma til þess að starfa fyrir viðurkennd góðgerðar- og/eða sjálfboðaliðasamtök dvalarleyfi.

   Samtökin fagna þessari nýjung í löggjöfinni því sjálboðaliðar sinna mikilvægu hlutverki í samfélaginu. Það er rétt og gott að Ísland taki þátt í alþjóðalegri hreyfingu í sjálfboðamálum. Hins vegar gera Samtökin athugasemd við 3. mgr. ákvæðisins þar sem stendur að „hámarksdvöl samkvæmt ákvæði þessu eru tólf mánuðir og óheimilt er að endurnýja dvalarleyfið nema í sérstökum tilvikum þegar endurnýja á leyfi útlendinga sem dvelja hér á landi í trúarlegum tilgangi.“ Samtökin telja að ákvæðið feli í sér mismunun milli samtaka er þjóna trúalegum tilgangi annars vegar og samtaka er þjóna annari góðgerða starfsemi hins vegar. Ekki getur séð að mismunun með þessum hætti sé í samræmi við jafnræði og lýðræði nútíma samfélags.

2. Í 55.gr. er gert ráð fyrir skammtímadvöl til að heimsækja barn. Samtökin fagna þessari nýjung og telur sérstaklega fagnandi að hugtakið “barn” er skýrt rúmt og tekur jafn til barna undir og yfir lögaldri.

   Hins vegar gera Samtökin athugasemd við ákvæðið þar sem það tekur eingöngu til einstakra hópa barna þ.e.a.s. þau eru falla innan gildissviðs 2.mgr. 47.gr.

   Samtökin telja að ákvæðið sé er takmarkað og feli í sér mismunun milli foreldra barna sem falla undir 2. mgr. 47. gr. hins vegar og foreldra barna er falla utan 2. mgr. 47. gr. Ekki má ráða af greinargerð með ákvæðinu rökin er standa að baki þessi takmörkun sem og mismunun milli foreldra.

Samtökin leggja til að ákvæðið verði endurskoðað með hliðsjón af þeim foreldrum sem falla utan gildissviðs ákvæðisins og hafa gildar ástæður til að heimsækja börn sín sem og barnabörn er búa á Íslandi. Samtökin leggja áheyrslu á að það geti reynst kostnaðarsamt sérstaklega fyrir foreldra er búa utan Evrópusvæðisins að ferðast milli heimshálfa á grundvelli Schegen vegabréfsáritunnar sem veitir ekki lengri dvöl en 90 daga og endurnýjun kemur ekki til greina fyrir en sex mánuðir eru liðinir frá síðustu dvöl innan Schegen svæðisins.

3. Í 52. gr. er gert ráð fyrir að heimilt sé að veita ættmenni í beinan legg dvalarleyfi hér á landi ef umsækjandi er 67 ára og eldri og á framfæri útlendings. Samtökin árétta afstöðu sína með sambærilegum rökum og í eldri umsögnum að frumvarpið útiloki yngri ættmenni útlendinga í beinan legg frá því að fá dvalarleyfi í landinu sem nánustu aðstandendur búa. Röksemd frumvarpsins er að með breytingunni sé verið að koma í veg fyrir að ungum ættmönnum takist að fara hjáleið inn á íslenskan vinnumarkað og tekið er fram að viðkomandi geti ætíð sótt um dvalarleyfi á Íslandi á eigin forsendum.

   Ákvæðið er óþarft því núgildandi lög kveða á um að ættmenni innflytjenda þurfi hvort eð er að sækja um atvinnuleyfi ef þeir hyggjast fá sér vinnu. Hinsvegar hindrar ákvæðið fólk í að flytjast til landsins til að njóta samvistar við börn og barnabörn sín. Í fjölskylduvænu samfélagi eins og Íslandi ætti ekki að þurfa að útskýra sérstaklega hversu jákvæð áhrif nærvera ættingja hefur á líðan fjölskyldunna og alveg sérstaklega barna.

   Samtökin telja að ákvæðið sé ósamrýmanlegt reglunni um meðalhófs og gangi lengra en nauðsyn krefur til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt.

Virðingarfyllst,

f. h. Samtaka kvenna af erlendum uppruna
Barbara Kristvinsson